Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, mánudaginn 6. maí 2024 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson og Luciano Dutra. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Stefna málnefndar 2024–2027
Rætt var um stefnuatriði fyrir Íslenska málnefnd fyrir tímabilið 2024–2027. Ýmis atriði voru nefnd sem hugsanleg áhersluatriði næstu ára, t.d. snjalltæki og unga fólkið, þörf fyrir upplýsingaefni á íslensku á netinu og á YouTube og reglurammi í kringum stöðu íslensku. Ákveðið var að formaður sendi uppkast að stefnu fyrir næsta stjórnarfund í byrjun september.

2) Netverksfundur norrænna málnefnda
Íslensk málnefnd er með formennsku í netverki norrænna málnefnda í ár og verður haldinn fundur í netverkinu í Reykjavík 29.–30. ágúst. Þema fundarins er málpólitík. Undirbúningur fyrir netverksfundinn er hafinn.

3) Afmælismálþing málnefndar í október
Íslensk málnefnd var stofnuð 30. júlí 1964 og verður hún því 60 ára í ár. Ákveðið var að halda afmælismálþing málnefndar í október.

4) Önnur mál
Ný yfirlýsing um norræna málstefnu (*Deklaration om nordisk språkpolitik:* https://islenskan.is/yfirlysing-um-norraena-malstefnu/) var undirrituð 2. maí í Stokkhólmi en fyrri yfirlýsingin um norræna málstefnu var samþykkt 2006. Í endurskoðuninni er tekið á áskorunum samtímans svo sem stafvæðingu og hnattvæðingu og leitast við að efla tungumálasamstöðu.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.